

Virðing hvað?

Fyrir allmörgum árum þá í bæjarstjórn átti ég þá hugmynd ásamt vinum mínum þar að reisa minnisvarða inni í skógrækt sem nú heitir Garðalundur. Minnisvarða um frumkvöðulinn Guðmund Jónsson sem af mikill framtakssemi gróðursetti mikið af þeim trjám sem þar eru í dag. Menn höfðu miklar efasemdir um þessa framkvæmd og og þeir hörðustu sögðu að þarna mundi aldrei lifa tré.

Við biðluðum til Páls í Húsafelli um gerð hans og brást hann vel við. Styttan af Guðmundi, sem gekk undir nafninu Garðaráðunautur, er til fyrirmyndar og gott ef maður sér ekki svipinn vel.

Garðalundur er skráður sem ein af útivistarperlum Akraness og margir leggja leið sína þangað til gönguferða og útiveru, þar með talin undirrituð.

Ég get ekki lengur orða bundist og ástæðan er eftirfarandi. Í mörg undanfarin ár hefur Skógræktin verið vanrækt og ekki sinnt. Það er dapurt að horfa á tré sem jafnvel eru dauð og illgresi er mjög víða.

Ég skora á bæjarstjórn að fá til sín fagmenn á þessu sviði og hlúa að Garðalundi. Sýnum Garðalundi þá virðingu sem hann á skilið.

Svaritæk Tæra Kristjánsson.

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
11.0	MSK	6.7'21
Ábm.	Úrv.aðili	Málsnr. One
SPH	SPH	2107046

